



Barbara Cartland

Ást og hamingja

270

 SAGA
EGMONT

The book cover features a composite image. The top half shows a close-up of a woman with long, wavy blonde hair and blue eyes, looking directly at the camera. The bottom half shows a Venetian canal scene at sunset, with a gondolier in a dark coat and hat standing in a gondola. The background of the Venetian scene is a warm, golden glow from the setting sun. The title 'Barbara Cartland' is written in a large, black, serif font, with 'Barbara' in a smaller size above 'Cartland'. Below the title, the subtitle 'Ást og hamingja' is written in a smaller, black, serif font.

Barbara Cartland

Ást og hamingja

270

 SAGA
EGMONT

Barbara Cartland

Ást og hamingja
(Hin eilífa sería Barböru Cartland 12)

Sigurður Steinsson
Þýddi

SAGA Egmont

Ást og hamingja (Hin eilífa sería Barböru Cartland 12)

Translated by Sigurður Steinsson

Original title: *The Golden Gondola*

Original language: English

Cover image: Shutterstock

Copyright © 1955, 2021 Barbara Cartland and SAGA Egmont

All rights reserved

ISBN: 9788726741940

1st ebook edition

Format: EPUB 3.0

No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted, in any form or by any means without the prior written permission of the publisher, nor, be otherwise circulated in any form of binding or cover other than in which it is published and without a similar condition being imposed on the subsequent purchaser.

www.sagaegmont.com

Saga Egmont - a part of Egmont, www.egmont.com

Fyrsti kafli

Hann vaknaði og eitt andartak hélt hann, að hann væri enn úti á sjó. Honum fannst sem öldurnar risu og hnigu, unz það rann skyndilega upp fyrir honum, að þetta var blekking, því að rúmið sem hann lá í hreyfðist ekki.

Hann opnaði augun. Hann áttaði sig ekki á herberginu. Það var kuldalegt og fátæklegt, án gluggatjalda eða hlera fyrir gluggunum, sem sólin skein inn um á ójafnt fjalagólfið. Hann hreyfði sig og fann strax, að honum var illt í höfðinu og hann verkjaði um allan líkamann. Úr einu horni herbergisins kom einhver að rúminu og lagði höndina á enni hans. Hann leit upp og horfði í vingjarnleg dökk augu konu á miðjum aldri.

— Þér eruð þá vaknaður, herra, sagði hún brosandi.

— Hvar er ég?

Hann átti erfitt með að segja þetta. Hann var þurr í munninum og varir hans sprungnar.

— Þér eruð óhultur, herra. Maðurinn minn bjargaði yður í óveðrinu í nótt, svo að nú getið þér lofað Guð fyrir björgun yðar.

— Óveðrinu!

Hann endurtók orðið rólega og nú mundi hann allt. Hávaðann, er skipið brotnaði við klettana, hróp sjómanna, óp farþeganna, storminn og regnið, sem nánast reif húðina af baki hans — og loks ískalt vatnið, sem hann hafði stokkið út í.

— Þér hafði verið lánsamur, herra, sagði konan. — Þér eruð ekki einu sinni fótbrottinn. Þér hljótið að vera mjög

hraustur, úr því að þér hafið komizt heilu og höldnu úr slíku veðri.

— Já, ég er hraustur, sagði hann og stamaði nánast, eins og barn, sem er að læra að tala.

En þá rifjaðist annað upp fyrir honum.

— En stúlkan ... bjargaðist hún?

— Já, hún bjargaðist, svo er yður fyrir að þakka, herra. Maðurinn minn sá yður brjótast um með hana úti í vatninu, og þegar yður rak inn að ströndinni, óð hann út og bjargaði yður. Munið þér ekki eftir því?

— Nei, ég man aðeins, að ég greip um rekavið og reyndi að fá hana til að gera það sama. En ég held, að hún hafi verið meðvitundarlaus.

— Vesalings stúlkan! Já, hún var meðvitundarlaus. Ef þér hefðuð ekki verið þarna, hefði hún drukknað.

— Hverjir björguðust annars?

— Enginn, herra. Alls enginn.

— Enginn!

Hann settist upp, enda þótt áreynslan yrði til þess, að hann fann til um allan líkamann.

— En það er ómögulegt. Ótrúlegt! Hvað varð um skipstjórann og alla áhöfnina?

— Þeir drukknuðu allir. Nokkur líkanna hefur þegar rekið á land. Hin hljóta að vera í skipinu eða á hafsbotni.

— Þetta er ótrúlegt. Yður hlýtur að skjátlást.

— Nei, nei, herra. Þegar þér náid yður, getið þér séð það með eigin augum. Maðurinn minn og mennirnir úr þorpinu eru niðri við ströndina og bráðum ætla þeir að reyna að róa út að flakinu til að bjarga því, sem bjargað verður.

Maðurinn pírdi aftur augun.

— Ég ætla á fætur, sagði hann. Hvar eru fötin mín?

— En herra ...

Hann þaggaði niður í konunni, áður en hún náði að halda áfram.

— Fötin mín, sagði hann, og strax!

— Já, já, herra.

Hún flýtti sér út, en hann reis á fætur og vafði um sig þunnu teppi, sem hann hafði haft yfir sér. Fætur hans voru svo magnþrota, að þeir báru hann vart, en hann náði að komast að glugganum. Sólin skein, en enn voru ský á himni. Hann sá öldutoppum bregða fyrir, en það var ljóst, að veðrið var að ganga niður.

Hann stóð enn við gluggann, þegar konan kom aftur. Hún hélt á fötunum hans í annarri hendi, og hún kom einnig með bakka, sem á var vínflaska og gróft, dökkt brauð.

Maðurinn við gluggann sneri sér brosandí að henni.

— Einmitt það, sem ég þurfti, sagði hann og tók flöskuna, drakk megnið af henni og fann, að létt vínið hressti þreyttan líkama hans. Konan horfði á hann.

— Þér verðið að borða eitthvað, herra, til að ná yður. Ég skal búa til mat handa yður rétt strax.

— Seinna, sagði maðurinn. Ég verð að fara niður að skipinu. Farið nú, svo að ég geti klætt mig.

Fötin hans voru þurr, en illa farin og glæsilegar buxurnar voru rifnar. En það skipti hann engu, hvernig hann liti út. Það var ekki fyrr en hann var búinn að klæða sig, að hann tók eftir því, að skóna hans vantaði, og nú minntist hann þess að hann hafði sparkað þeim af sér, áður en hann stökk fyrir borð. Hann strauk hárið frá andlitinu og þar sem hann hafði ekkert band til að halda við það, lét hann það liggja frjálst yfir eyrun.

Tröppurnar niður á jarðhæðina voru lítið annað en stigi, sem lá niður í stórt eldhús, þar sem kona var að búa til mat. Hún reisti sig upp, þegar hann kom, og brosti til hans, eins og hann hefði gert kraftaverk.

— Þér eruð svo sannarlega hraustur maður, sagði hún full aðdáunar.

— Mig vantar skó, sagði maðurinn við hana.

— Æ, herra, ég hef enga. Maðurinn minn á aðeins eina skó og hann er í þeim, og mínir eru of litlir fyrir yður.

Hún hló við og um leið heyrði hann annan lágværi hlátur, sem kom úr eldhúshorninu. Hann sneri sér við og kom auga á stúlkuna við gluggann. Án þess að hirða um útlit sitt, heilsaði hann henni með því að hneigja sig lítið eitt.

— Þér eruð á lífi!

Hann sagði þetta á ítölsku, en hún svaraði honum á ensku. — Mér skilst, að það sé eingöngu yður að þakka.

Hann gekk til hennar og leit á hana.

— Eruð þér ensk?

— Eins og þér — já.

— Það vissi ég ekki. Ég hef alls ekki séð yður um borð.

— Nei. Ég hélt mig í káetunni minni. Faðir minn var veikur og ég gat ekki farið frá honum.

Dapurlegur svipur færðist yfir andlit hennar, um leið og hún sagði þetta, eins og það rynni skyndilega upp fyrir henni, að faðir hennar hlyti að vera dáinn.

Maðurinn stóð kyrr og horfði undrandi á hana. Hann hefði áreiðanlega munað eftir henni, ef hann hefði séð hana áður, hugsaði hann. Andlit hennar var fölleitt og ljóst sitt hár. Það var sem skíragull, og jafnvel hér í dimmu eldhúsinu glitraði það og lýsti.

— Vitið þér annars, hverjir komust af? spurði hún lágri röddu.

Nú sá hann, að augu hennar voru dökk og umlukin dökkum augnahárum. Sjaldgæf samsetning, hugsaði hann, og svo áttaði hann sig á því, að hún hafði spurt hann að einhverju.

— Konan segir, að allir hinir hafi drukknað.

— Það sama sagði hún mér, sagði stúlkan, en það getur ekki verið, það er ómögulegt. Það hljóta að vera aðrir, sem

hafa komizt af.

— Það er það, sem ég ætla að komast að núna.

— Viljið þér ekki huga að föður mínum ... en, ó nei, ég veit, að hann er dáinn, sagði stúlkan. Hann dó, af því að ég yfirgaf hann, áður en skipið strandaði. Það var sjóveikin og þessir eilífu árekstrar og veltur. Hjartað í honum hefur ekki þolað þetta. Ég ætlaði að fara að tala við skipstjórann, þegar skipið fórst.

— Ég held, að það sé enn vonlaust að komast í skipið, sagði maðurinn, en ég geri eins og ég get.

— Takk.

Hún rétti honum höndina, og það rann upp fyrir honum, að fötin hennar hlutu líka að hafa verið hengd til þerris. Hún hlaut að vera nakin undir teppunum, og hann sá aðra öxl hennar koma í ljós undir gylltu hárinu. Hún var yndisleg, hugsaði hann með sjálfum sér, og rétt eins og hún skyndilega áttaði sig á því, hvað hann var að hugsa, dró hún teppið ofar að hökunnni á sér, um leið og eilítill roði færðist í föla vanga hennar.

— Ég ætla að fara og sjá, hvers ég verð vísari, sagði hann og sneri sér við.

— Bíðið aðeins! Viljið þér ekki segja mér, hvað þér heitið? Ég vil gjarnan vita, hverjum ég á líf mitt að launa.

— Ég heiti Harvey Drake — barón Sir Harvey Drake frá Watton Park í Worcestershire. En þér?

— Ég heiti Paolina Mansfield. Faðir minn var Mansfield höfuðsmaður, fyrrum liðsmaður í lífvarðasveitinni.

— En þér berið ítalskt nafn?

— Móðir mín var ítölsk.

Þar var komin skýringin á dökkum augunum, sem voru svo mikil andstæða við gyllta hárið.

— Ég skal aðstoða yður, fröken Mansfield.

Hann hneigði sig djúpt og hélt síðan út úr húsinu. Sem betur fór var ekki langt á ströndina. Hann hélt niður lítinn

stíg að hól, og þaðan sá hann, að hópur manna var niðri á ströndinni. Þegar hann kom niður á ströndina, var hann kynntur fyrir hinum hávaxna og skeggjaða sjómanni, Gasparo, sem hafði bjargað honum og veitt honum húsaskjól.

— Takk, sagði hann. Ég er þakklátari en orð fá lýst. Vonandi fæ ég launað þér á fullnægjandi hátt, þegar ég kemst út í flakið, og fæ, ef Guð lofar, bjargað einhverju af persónulegum eigum mínum.

— Það efast ég um, herra, sagði einn sjómannanna. Hafið hefur í sífelli kastað flakinu í klettana. Við komumst ekki út í það. Ef öldurnar lægir ekki fljótlega, sekkur skipið, og þá verður engu bjargað. Sjórinn er mjög djúpur þarna úti við skerið.

Sir Harvey horði á skipið, og honum varð ljóst, að sjómennirnir höfðu á réttu að standa. Með hverri nýrri öldu lyftist skipið og lamdist utan í klettavegginn. Brú skipsins var þegar horfin, og all benti til þess, að það sem eftir væri, hyrfi innan klukkustundar. Hann sá gatið í skipshliðinni, þar sem vatnið hafði fyrst leitað inn. Alls staðar flutu um munir úr skipinu og um leið og þeir bárust inn á ströndina, var þeim þegar í stað bjargað af sjómönnunum. Á fjöl, sem kom fljótandi á öldunum, stóð nafn skipsins — Santa Lucia, og undir því: Napoli 1740.

— Aðeins tíu ára gamalt, sagði einn sjómannanna, sem óð út í til að ná í fjölinu. Það er ekki langur tími.

— En það eru margir góðir hlutir þarna úti, sagði annar. Við skulum reyna að bjarga því.

En hafið var enn of ókyrrt til að unnt væri að setja bátana á flot, enda þótt einir tíu bátar biðu í sandinum.

— Er einhver hér, sem kann að synda?

Það var Sir Harvey, sem spurði, og hann vissi fyrirfram, hverju þeir myndu svara.

— Nei, nei, herra.

Alveg eins og við var að búast. Hann virti fyrir sér fjarlægðina út í skipið og byrjaði að klæða sig úr frakkanum.

— Hvað eruð þér að gera, herra?

— Ég ætla að synda þarna út til að sjá, hvað er eftir, svaraði Sir Harvey.

Hann lagði fyrst frá sér frakkann og síðan skyrta og sokkana á þurran sandinn. Síðan gekk hann niður að sjávarmálinu, aðeins íklæddur hnébuxunum. Hann spennti vöðvana. Hann var enn stirður um líkamann og fann til í höfðinu, en annað amaði ekki að honum. Síðan kastaði hann sér í sjóinn.

Það var ekki eins kalt og nóttina áður og virkaði næstum örvandi á hann. Straumurinn bar hann frá ströndinni út að flakinu, og hann fann aldrei til ótta við öldurnar, sem léku um hann og ýmist drógu hann niður eða lyftu honum mót himni.

Hann náði út að flakinu og komst naumlega hjá því að kastast utan í skrokk skipsins. Honum tókst að komast meðfram flakinu án þess að lenda utan í skerinu og síðan smeygði hann sér fimlega upp á þilfarið.

Strauminn bar skjótt frá ströndinni og það liði ekki á löngu, þar til sjómennirnir gætu róið út að flakinu, og hann vissi, að það sem bjargaðist úr skipum, sem strönduðu við þessa hættulegu strönd, var eign þess, sem fyrstur næði því.

Hann gekk nú eftir þilfarinu að káetutröppunum. Um leið og hann lét sig renna niður í stefni skipsins, sem var fullt af sjó, tók hann að þreifa fyrir sér. Hann náði að draga andann milli þess sem öldurnar helltu yfir hann óhreinum sjónum. Það var dimmt þarna en götin í skipsskrokknum hleypt nógu mikilli birtu inn til að hann sá til. Það var einn ákveðinn klefi, sem hann leitaði að, og hann var hinum megin í skipinu og hlaut því að vera tiltölulega óskemmdur.

Í gegnum kýraugað sá hann það, sem hann hafði búizt við að sjá.

Það var lík af kvenmanni, sem lá á gólfinu og veltist um með hreyfingum vatnsins. Hann sá hana mjög greinilega. Hún var með sítt, dökkt hár, sem flaut um í vatninu og varir hennar voru enn rjóðar. Þegar Sir Harvey gáði betur, sá hann, að hún hélt á einhverju í hendinni. Það var flauelsaskja með silfurhornum og lás, skrín, sem konur nota undir skartgripi sína.

Sir Harvey dró andann djúpt og beygði sig niður og tók skrínið úr hendi hennar. Þegar hönd hennar sleppti því, féll hún lífvana niður, eins og hún kærði sig ekki lengur um hið eina, sem hún hafði reynt að bjarga.

Sir Harvey rétti úr sér og kastaðist um leið aftur á bak á káetuvegginn, þegar brotsjór reið yfir skipið.

En skartgripaskrínið var hans! Hann dró andann djúpt, síðan beygði hann sig niður, áður en sjórinn streymdi aftur inn, til þess að losa perlurnar af hálsi látnu konunnar — þrjár perluraðir, þar sem allar perlurnar voru nákvæmlega eins, og með vönduðum lás úr rúbínium og demöntum. Hár hennar vafðist um handlegg hans, og hann losaði það varlega, eins og hann vildi ógjarnan gera henni mein.

Hann stakk perlunum í vasann og fíkraði sig síðan varlega að káetutröppunum. Hann nam staðar, þegar hann náði að sínum klefa, hikaði þar eitt andartak, en síðan kastaði þung alda honum í vegginn, svo að hann var sem lamaður eitt augnablik. Hann sleppti ekki takinu á skríninu, sem hann hélt á, en skjögraði upp tröppurnar, þegar hlé varð á ölduganginum. Þegar hann kom upp á þilfarið, var hann magnþrota og að niðurlotum kominn, því að hann hafði vart náð andanum í baráttu sinni við öldurnar, sem helltust yfir hann og byrgðu honum sýn og næstum kæfðu hann í löðri sínu.

Hann heyrði hróp. Sjómennirnir nálguðust. Hann leit í kringum sig og kom auga á frakka, sem flaut í áttina til hans, greip um hann og vafði honum um skartgripaskrínið, sem hann þrýsti síðan undir handlegginn á sér, um leið og hann stökk í sjóinn. Þegar hann kom upp á yfirborðið, sá hann, að hann var nálægt bát og klifraði um borð í hann.

— Eruð þér vitskertur, herra? sagði einn sjómannanna. Þér hefðuð getað drepíð yður. Funduð þér eitthvað?

— Aðeins gamlan frakka, sagði Sir Harvey og fleygði honum niður á botn bátsins.

— Og þess vegna lögðuð þér yður í hættu? Sjómaðurinn spýtti út yfir lunninguna.

— Það hefðir þú líka gert, ef þú hefðir vitað, að allt, sem þú hefðir átt, væri falið í flakinu, svaraði Sir Harvey.

Hann setti hendurnar fyrir munn sér, eins og trekt.

— Halló! Ég verðlauna þann, sem bjargar fötunum mínum. Þau eru í öðrum klefanum undir tröppunum, og það eru miklir peningar í frakka, sem þið finnið þar.

Hann sá, að hann hafði vakið athygli þeirra, enda þótt þeir væru enn hræddir við að fara í skipið.

— Peningar eru góður hlutur, sagði maðurinn í bátinum hjá honum. En hver veit, hvort hægt er að nota þá í paradís eða hafa þá með þangað.

— Hugleiddu það, hvað þeir gera ekkjuna þína eftirsóttu, sagði Sir Harvey brosandi, og svar hans vakti mikinn hlátur.

Einn sjómannanna reyndi nú að leika það, sem Sir Harvey hafði leikið, en hann klemmdi handlegginn á milli skipsins og kletts og féll í hafði með flakandi sár á handleggnum. Bölvandi og blæðandi var hann dreginn um borð í einn af bátunum og hinir sjómennirnir reru lengra frá flakinu, um leið og þeir tíndu upp í bátana allt það, sem öldurnar báru að þeim.

— Eru ekki fleiri, sem vilja freista gæfunnar og reyna að komast í skipið? spurði Sir Harvey.

— Hvers vegna ekki að reyna aftur sjálfur? sagði einn sjómanna.

Sir Harvey hristi höfuðið.

— Ég myndi gera það, ef ég væri ekki of þreyttur eftir nóttina, sagði hann.

— Ég skil það, sagði einn þeirra. Þér hljótið að vera hraustur maður, úr því að þér sluppuð lífs úr þessum hildarleik. Sir Harvey brosti yfir einlægri aðdáun hans.

— Það er ekki alltaf styrkurinn, sem skiptir máli, svaraði hann. Stundum er það skynsemin.

— Það voru kraftarnir, sem björguðu yður í gærkvöldi, sagði sjómaðurinn, eða þá að sá vondi hafi bjargað einum sinna manna.

Hann sagði þetta í gríni, en flýtti sér að signa sig af ótta við, að glensið kynni að hafa alvarlegar afleiðingar.

Sir Harvey hló við, en benti síðan á skipið, þar sem einn sjómanna hafði komizt upp á þilfarið. Hann hvarf niður káetutröppurnar og sneri nokkru síðar til baka, skyrpandi og spýtandi, en með fangið fullt af fatnaði, sem hann henti fyrir borð.

— Vel gert, hrópaði Sir Harvey. Allt það, sem er í vösum mínum, er þín eign. En mig vantar skó. Gleymdu ekki skónum.

Árangur sjómannsins hafði þau áhrif, að nú tókst fleirum loksins að komast um borð. Sárin, sem þeir fengu af viðureigninni við klettabeltið og skipsflakið, skildu eftir blóði drifna slóð um allt þilfarið, og nú voru klefarnir fljótlega tæmdir — rúmföt, fatnaður, kertastjakar, gler — allt skyldi nást úr greipum hafsins.

— Nú er hún búin! Gætið ykkar, hún er að liðast í sundur. Hrópin komu síðustu mönnunum til að stökkva fyrir borð á sama augnabliki og skipið liðaðist í sundur í miðju og tók hægt og sígandi að sökkva.

Sjómennirnir reru inn að ströndinni, um leið og þeir hirtu úr sjónum það, sem þeir sáu á leiðinni. Sir Harvey tók frakkann, sem hann hafði hent í bátinn, og sté í fjörusandinn. Hann tók hann undir handlegginn og gekk að næsta bát, sem var einmitt að leggja að og hafði meðal annars meðferðis fötin hans. Hann tók fram fötin sín og lagði yfir handlegginn á sér. Bláan frakka, kirsuberjarauðan silkijakka, þvældar og rennvotar buxur — og loks síðast en ekki sízt — skó.

Hann tók nú að róta í frakkavösunum, þangað til hann fann pyngju.

— Það er ekki svo mikið í henni, sagði hann, en ég færi þér það, sem í henni er, með kæru þakklæti.

— Þakka yður fyrir, herra, sagði sjómaðurinn og brosti breitt. En augu Gasparos voru sem límd á hnöppunum á bláa frakkanum, sem glitruðu í sólinni og líktust helzt demöntum. Sir Harvey sá þetta og lagði frakkann yfir herðar Gasparos.

— Þeir eru því miður aðeins úr kristal, sagði hann, en ég bið þig að þiggja frakkann að gjöf. Þú bjargaði lífi mínu.

Stórgerður sjómaðurinn strauk með grófgerðri hendinni yfir silkiefnið, sem hélt lit sínum og áferð, þrátt fyrir að það væri nú rennvott.

— Má ég í raun og veru eiga hann, herra? spurði hann undrandi.

— Hann er þinn, sagði Sir Harvey.

Hann snerist á hæli og hélt af stað eftir ströndinni með fatnáðinn, sem hann hafði bjargað handa sjálfum sér, auk svarta frakkans. Hann sneri sér við, þegar kallað var, og sá þá, að í flýtinum hafði hann gleymt skyrtonni, frakkanum og vestinu, sem hann hafði farið úr, áður en hann synti út í skipið. Hlæjandi hélt hann til baka og tók þetta. Nú skein sólin. Hann fann, hvernig hún skein á bert bak hans, er hann klifraði upp brattann að þorpinu.

Það samanstóð aðeins af húsaþyrpingu, og það sem hann hafði fengið húsaskjól í, var langstærst og glæsilegast. Hann gekk eftir stígnum og opnaði dyrnar inn í eldhúsið.

Paolina Mansfield stóð við borðið, sem nú var búið að leggja á borðbúnað. Hún leit upp, þegar hann kom inn, og gekk til hans.

— Hvað funduð þér? spurði hún.

Annar kafli

Hún var búin að klæða sig, en sítt, ljóst hár hennar var enn slegið og náði niður að mitti. Hún var mjög föl ásýndum og augun virtust óvenjulega stór í litlu andlitinu. Áður en hann svaraði henni, tók hann eftir því, að hún var ein sú fallegasta stúlka, sem hann hafði nokkru sinni séð.

— Það var enginn á lífi, svaraði hann. Allir þeir, sem voru neðan þilfars, hljóta að hafa drukknað, um leið og sjórinn fossaði inn, og þeim, sem voru á þilfarinu, hefur skolað fyrir borð.

Hún huldi andlit sitt í höndum sér.

— Þetta er hræðilegt að hugsa um, hvíslaði hún.

Vesalings fólkið!

Sir Harvey stóð kyrr eitt andartak, áður en hann hélt upp stigann.

— Þér ættuð að vera þakklát fyrir að þér eruð á lífi, sagði hann. Við eigum þó framtíðina fyrir okkur.

Hún lét hendurnar síga og leit á hann.

— Já, en hvaða framtíð? spurði hún.

Aftur horfði hann fast á hana — gyllt hárið, falleg augun, rjóðar varirnar.

— Hún getur ekki orðið annað en björt og hamingjurík fyrir svona hrífandi konu, sagði hann.

Hún hreyfði sig lítið eitt óþolinmóð, eins og henni gremdist þessi lofsyrði.

— Þér skiljið þetta ekki, sagði hún kuldalega og gekk að dyrunum.

Hann hugsaði sig aðeins um, en gekk síðan upp stigann og inn í herbergið á efri hæðinni. Hann lokaði á eftir sér og

ætlaði að læsa, en lélegur krókur var eina læsingin. Hann fleygði blautum fötunum á gólfið og tók fram flauelsskrínið. Hann starði á það andartak hugsi á svip, en síðan tók hann fram hníf og opnaði læsinguna.

Lokið flaug af! Í skríninu voru nælur, hálsfestar, eyrnarlokkar og hringar, allt sett demöntum, smarögðum og mjög dökkum og mjög fallegum safírum. Þarna lá þetta og flaut í sjónum, sem síast hafði inn í skrínið.

Sir Harvey starði lengi á þetta, en síðan tók hann gætilega upp úr vasa sínum þreföldu perlufestina, sem hann hafði tekið af hálsi látnu stúlkunnar. Þegar hann hélt perlunum í lófa sér, glitruðu þær með nánast yfirnáttúrulegum bjarma. Síðan hellti hann sjónum varlega úr skartgripaskríninu, lagði perlufestina ofan á hina skartgripina og lokaði skríninu. Strax og hann hafði stungið því inn undir dýnuna í rúminu, fór hann úr blautum buxunum, sveipaði um sig teppi og opnaði dyrnar.

— Fröken! Fröken! kallaði hann.

Hann sá, að Paolina Mansfield leit upp til hans neðan úr eldhúsinu, en hann hirti ekki um hana.

— Fröken! kallaði hann aftur, og nú kom kona sjómannsins þjótandi út úr útihúsinu, þar sem hún hafði verið að reyta hænu.

— Hvað er það, herra? spurði hún.

— Ég verð að láta hengja buxurnar mínar til þerris, sagði hann og líka hin fötin. Hafið hraðan á, því að ég er blautur og svangur og hvernig á ég að fá nokkuð að borða, ef ég get ekki setið til borðs?

— Ég skal þurrka þetta, herra, svaraði hún hlæjandi. Þér getið verið rólegur. Við skulum vera fljót að þurrka þau.

Hún flýtti sér niður stigann með fötin. Sir Harvey lokaði dyrnum á eftir henni, fleygði sér síðan á rúmið og lagði hendurnar undir hnakkann. Hann fann fyrir skartgripaskríninu undir þunnri dýnunni, þar sem það rakst

í bak hans, en það skipti hann engu. Hann brosti, meðan hann lá þarna, brosti við framtíð, sem horfði öðru vísi og betur við honum nú en hún hafði gert í morgun.

Í eldhúsinu hjálpaði Paolina ítölsku konunni að breiða úr votum fötunum fyrir framan eldinn, og báðar stundu þær hástöfum, er þær sáu, hversu illa buxurnar voru farnar, sem Sir Harvey hafði verið í, er hann fór um borð í skipið. Þær voru rifnar þvert yfir hnén og voru varla nothæfar lengur. Hins vegar var ekkert að hnébuxunum, sem hann hafði náð úr skipinu. Þær voru úr hvítu silki og svo gott sem nýjar, og sama gilti um rauða silkifrakkann. Hann var úr vönduðu efni, perluhnapparnir voru óskemmdir og sama mátti segja um saumaskapinn á vösunum og ermunum.

— Hann hlýtur að vera efnaður, sagði kona sjómannsins, full lotningar. Hann er klæddur sem aðalsmaður.

— Hann *er* aðalsmaður, svaraði Paolina.

— Og ég hef alltaf titlað hann *Herra* í staðinn fyrir *Yðar náð*, sagði kona sjómannsins. En hvernig átti ég að vita það? Allir menn eru eins, þegar þeir eru við það að drukna.

— Já, vissulega, svaraði Paolina, og sama á sjálfsagt við um konurnar.

— Nema þegar þær eru eins fallegar og þér eruð, sagði ítalska konan brosandi. Þegar Gasparo bar yður hingað, fannst mér sem þér væruð sem engill Guðs, sem sendur hefði verið til að heimsækja okkur tvo syndarana.

— Hvað er að heyra? sagði Paolina. Ég er bara ósköp venjuleg kona eins og þér, en ég vildi óska, að ég væri engill, því að þá væru allar mínar áhyggjur að baki.

— Þér skuluð bíða þangað til hans hágöfgi hefur fengið eitthvað að borða, þá getið þér rætt vandamál yðar við hann. En þér skuluð bíða þangað til hann er búinn að borða. Karlmenn eru alltaf erfiðir viðureignar, þegar þeir eru svangir.

Paolina hló við.

— Já, það er alveg rétt, sagði hún.

— Ef þér viljið fylgjast með fötunum, fröken, þá ætla ég að klára að reyta hænuna, annars kemst ég aldrei til þess.

Það leið ekki á löngu, þar til fötin voru orðin þurr, því að hitinn frá eldstæðinu var mikill. Paolina tók fötin og hélt upp stigann.

Hún barði að dyrum. Það leið nokkur stund, áður en Sir Harvey svaraði, og hún hélt, að hann væri sofnaður.

— Hvað var það? spurði hann.

— Ég kom með fötin yðar, svaraði Paolina.

Þegar hann opnaði dyrnar, var hann íklæddur skyrtu og vesti, en hafði teppið ennþá vafið utan um sig, og hann var svo einkennilegur á að líta, að hún var að því komin að hlæja. Engu að síður var hún alvarleg á svip, er hún rétti honum frakkann og buxurnar.

— Takk, sagði hann. Sokka hef ég því miður enga, þó svo að ég hafi getað orðið mér úti um skó.

— Þá hef ég verið lánsamari, svaraði Paolina. Kjóllinn minn er að vísu rifinn, en það er ekki mikið.

Hún strauk yfir kjólinn og hann sá, að þetta var mjög látlaus og einfaldur kjóll, sem virtist hafa verið valinn af mikilli umhyggju af þeim, sem ekki hafði mikla peninga til að eyða í föt. Í fyrsta sinn hvarflaði það að honum, hversu illa hún væri stödd.

— Hvað hafið þér hugsað yður að gera? sagði hann. Get ég hjálpað yður að gera ráðstafanir til að komast héðan?

Hún horfði á hann, og hann sá, að áhyggjusvipur skein úr augum hennar.

— Ég ætlaði einmitt að spyrja yður, hvort þér gætuð ráðlagt mér eitthvað, sagði hún.

— Auðvitað, svaraði hann. Þér skuluð bíða, meðan ég klæði mig, svo getum við rætt saman. Segið konunni þarna niðri, að ég verði að fá eitthvað að borða í snatri og líka